


Alþingi  
Erindi nr. P 136/581  
komudagur 16.12.2008



Íslenska Kalkþörungafélagið ehf.

Bíldudal 16. desember 2008

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar  
136. löggjafarþing 2008 – 2009  
Þskj. 39 – 39. mál.**

**Hafið er og hefur alltaf verið hinn eini og sanni hringvegur Íslands.**

Á undanförunum árum hefur okkur verið talin trú um að það sé nauðsynlegt fyrir landsbyggðina að haldið sé uppi daglegum flutningum til allra landshluta á þjóðvegum landsins. Hraði afgreiðslu þurfi að vera mikill. Þetta kann að vera rétt varðandi einhverjar neysluvörur en að öðru leyti stenst þetta alls ekki. Miðstöð þessara flutninga er Reykjavík.

Ísland er eyja og mest allur flutningur kemur hingað reglulega með millilandaskipum. Aðeins dýrari vörur koma með flugi. Það vita allir að ekki er raunhæft að fá allt sem kemur hingað til lands með flugi þó að það sé auðvitað fljótlegast.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni og í fylgiskjölum eru færð rök fyrir því að strandsiglingar hafi ýmislegt fram yfir landflutninga. Þetta er talið helst:


1. Losun gróðurhúsalofttegunda er mun minni
2. Umferðaröryggi stóreykst með fækkun vöruflutningabifreiða á þjóðvegunum
3. Slit á vegum minnkar
4. Jákvæð byggðaáhrif

Þetta er allt rétt og nauðsynlegt að koma strandsiglingum á aftur.

Hvað Kalkþörungaverksmiðjuna snertir þá eru strandsiglingar algjörlega nauðsynlegar. Það sem vinnst með þeim er:

1. Fullunnar afurðir komast til viðskiptavina hvar sem er í heiminum ef hægt er að setja þær í gáma og senda héðan jafnt og þétt í veg fyrir millilandaskip. Fram að þessu hefur þurft að notast við bulk-skip og senda bæði hráefni og fullunnar afurðir til umskipunar á Írlandi. Þetta er vegna þess að erfitt eða útilokað er að skipuleggja sölu og dreyfingu beint héðan þegar reglulegar siglingar vantar. Undantekning frá þessu eru tvær tilraunaferðir Eimskipa hingað vestur í haust og með þeim hafa farið um 700 tonn af afurðum til Bandaríkjanna.

Íslenska Kalkþörungafélagið ehf. - Hafnarbraut 4, - 465 Bíldudalur – Iceland  
Tel.: 00354 4562730 - Fax: 00354 4562732 - E-mail: [ism@simnet.is](mailto:ism@simnet.is)




Íslenska Kalkþörungafélagið ehf.


2. Fullunnar afurðir, fóðurbæti- og jarðvegsbætiefni komast stystu leið til viðskiptavina hvar sem er á Íslandi. Sala á afurðum verksmiðjunnar er hafin hér innan lands í litlu magni. Það sem stendur þeirri sölu fyrir þrifum eru flutningar. Ef koma þarf vöru til bónda á NA landi þarf fyrst að senda hana til Reykjavíkur og þaðan norður. Miðað við taxa Eimskips/Flytjanda í ágúst s.l. þá kostar það 70-90 þús. kr. pr. tonn. Ef koma þyrfti fóðurbætiefni til bónda í Öfundarfirði í janúar og vegir ófærir á milli norður og suðurhluta Vestfjarða eins og gera má ráð fyrir frá því í nóvember og fram í apríl, þá væri flutningskostnaður skv. sama taxa um 80 þús. fyrir tonnið. Ekið frá Bíldudal til Reykjavíkur og þaðan aftur vestur.

Framleiðsluverðmæti Íslenska Kalkþörungafélagsins ehf. má auka verulega ef eðlilegar strandsiglingar hefjast. Vel má gera ráð fyrir að sala innan lands geti verið 100 milljónir kr. á ári og komið í staðinn fyrir innflutt steinefnafóður og kalk til áburðar. Útflutningsverðmæti má örugglega auka um nokkur hundruð milljónir króna ef mögulegt verður að koma afurðum héðan á eðlilegan hátt. Þetta skapar nokkur störf á Bíldudal og auknar gjaldeyristekjur fyrir þjóðarbúið.

Fyrir sjávarútveg og ýmsa aðra starfsemi í kring um landið eru strandsiglingar lífsspursmál. Nýting auðlinda landsins getur ekki átt sér stað á hagkvæman hátt nema eðlilegir flutningar á sjó komist aftur á. Það er æskilegt að um vikulegar ferðir verði að ræða og tvö skip sem sigla hringinn vestur um og austur um eins og tíðkaðist hjá Skipaútgerð ríkisins á sínum tíma.

Fyrir hönd Íslenska Kalkþörungafélagsins ehf.

  
Guðmundur V. Magnússon, verksmiðjustjóri

  
Jörundur S. Garðarsson, gæðastjóri